

**Nr. 023 / 13 Daðey GK 777*****Skipverji slasast vegna veðurs***

Skipaskr.nr. 2617  
Smíðaður: Njarðvík 2004, plast  
Stærð: 11,05 brl. 14,79 bt.  
Mesta lengd: 12,52 m Skráð lengd: 11,45 m  
Breidd: 3,64 m Dýpt: 1,35 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2003  
Fjöldi skipverja: 4



Daðey@skip.is

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. mars 2013 var Daðey GK 777 að sigla út frá Grindavík. Veður: A 10-12 m/s og krappur sjór.

Þegar báturinn var kominn u.þ.b. fimm sjómíllur í SSA frá höfninni sigldi hann fram af öldu og skall niður með kinnunginn í næstu öldu. Bátsverjar sem lágu í hvílum köstuðust til í þeim og lenti einn þeirra með vinstri öxlina harkalega niður á kojastokkinn og kenndi hann mikið til í baki.

Siglt var með slasaða til hafnar og hafði skipstjóri samband við strandstöð og bað um að sjúkrabíll væri til staðar við komu. Slasaði var fluttur á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði sagðist hafa verið ný sofnaður og hann taldi að félagar hans sem voru í kójum hafi einnig sofnið en þeir hafi farið fyrir til hvílu. Hann sagði að kojastokkarnir í bátnum næðu rétt upp fyrir rúmdýrnarnar. Hann benti á að þessir plastbátar væru mjög kvikir og stundum gæti verið erfitt að fá almennilegan svefn og í því sambandi hafi komið upp umræða um ólar í kójur;
- að slysið varð um kl. 02:36 og því myrkur og útsýni takmarkað til að sjá til bárunnar. Skipstjóri sagðist hafa siglt á mikið minnkaðri ferð eða 6-8 hnútum en báturinn getur gengið 14 hnúta. Það hafi ekki farið neitt illa á áður en báturinn féll fram af öldunni. Hann hafi siglt í SA-SSA en það hafi verið austanátt svo báturinn féll til bakborða fram af öldunni;

- að flóð var í Grindavík kl. 05:40 og slysið því rúmum tveimur tímum fyrir flóð. Fallskipti virðast fylgja Grindavíkurhöfn samkvæmt straumfræðilíkani Siglingastofnunar. Samkvæmt því féll straumur í 099° og því fallið upp í vind með 0,20 hnúta hraða. Samkvæmt ölduhæðarmælingu Grindavíkurdufls voru öldumælingar eftirfarandi:

Tími	Kennialda [m]	Meðalsveiflutími [s]	Öldulengd [m]
25.3.2013 04:00	3,0	8,1	103,1
25.3.2013 03:00	2,9	7,8	96,1
25.3.2013 02:00	3,1	7,9	96,8
23.3.2013 01:00	4,5	9,7	147,1

- að samkvæmt töflunni frá 02:00 til kl. 03:00 er minnkandi kennialda og öldulengd. Þess ber að geta að í leiðbeiningum Siglingastofnunar um öldumælingar segir að af hverjum 200 öldum geti hæsta alda verið 63% hærri en kennialdan sem kemur fram í töflunni hér að ofan um öldumælingar. Allar líkur eru á því að báturinn hafi lent í þeim aðstæðum;
- að samkvæmt ferilskráningu úr AIS kerfinu var bátnum siglt á 6,5 til 8 hnúta hraða á útstíminu.

#### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins má rekja til þess að bátnum var siglt fram af öldu.